



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Pingskjal nr. 04 – reglugerð um körfuknattleiksmót 17. grein

Breyting á 17. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

Heimalið skal leika í ljósum búningum og útilið í dökkum. Öll félög skulu hafa yfir að ráða ljósum búningum og dökkum búningum. Félög tilkynna til KKÍ fyrirfram þá búninga sem þau hyggjast leika í á heimavelli, aðalbúning. Sé hann dökkur, þá eigi þau varabúning (útvallarabúning) sem er ljós að lit. Ef aðalbúningur er ljós að lit skal varabúningur félagsins vera dökkur. Ef félög vilja breyta þessu í stöku leikjum þá þarf liðið sem vill breyta að óska formlega eftir því við andstæðing sinn og tilkynna skrifstofu KKÍ minnst sólahring fyrir upphaf leiks.

### Greinagerð;

Þróun búninga á íslenskum körfubolta hefur verið á þá leið að heimaliðið er nánast í öllum tilvikum í hvítum lit. Slíkt er afar óhentugt þegar í mörgum tilvikum er litur félagsins dökkur og þar með er mest allur sá varningur sem seldur er til stuðningsmanna í þeim lit. Það skítur því skökku við að lið sem leikur á heimavelli skuli ekki leika í litum síns félags.

Á léttu nótonum má kannski segja að við Þórsarar séum svo gamaldags að okkur finnst skemmtilegra að Haukar, séu rauðir á heimavelli, Valsarar rauðir, Njarðvíkingar grænir, Keflavík dökkbláir, Stólarnir vínrauðir, Þór Þ grænir og svona mætti lengi telja. Búningar þessara liða og margra annara eru sögufrægir og vilja eflaust flestir stuðningsmenn horfa á sitt lið í réttum litum á heimavelli.

Körfuknattleiksdeild Þórs Akureyri

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld